

31. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 22. ágúst 2001 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð alla velkomna til starfa eftir sumarfrí.

1. Skýrslur skólastjóra.

Grunnskólinn.

a) Almennt.

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, sagði skólann fara seinna af stað en ætlað var (fös. 24.08.) vegna kennararáðninga og námskeiða hjá kennurum.

Nemendur verða fleiri en í fyrra.

Brunastigi er kominn á gamla skólann. Tónlistarsalur er í endurvinnslu.

Húsnæði heilsdagsskóla er verið að mála og gera klárt fyrir starfið.

Fjölbrautaskóli (stofur í íþróttahúsi) hafa verið rýmdar af Eflingu. Verið er að laga ýmislegt í íþróttahúsinu.

b) Kennararáðningar.

Eftirtaldir kennarar sóttu um starf við GSS:

Andrés Már Heiðarsson,
Sigurbjörn Ingvi Þórðarson,
Guðrún Unnur Ægisdóttir.

Þá sóttu eftirtaldir einstaklingar um starf sem leiðbeinendur

Lárus Ástmar Hannesson
Sæþór H. Þorbergsson
Katarzyna Knáss og
Guðrún Hauksdóttir

Fræðslunefnd samþykkir að mæla með ráðningu þeirra kennara sem sótt hafa um og skólastjórnendur mæla með.

Þá samþykkir Fræðslunefnd að mæla með ráðningu áður nefndra leiðbeinenda að því tilskyldu að Undanþágunefnd Menntamála-ráðuneytisins samþykki umsóknirnar.

c) „Launaflokkapottur skólastjóra”

Skólastjóri skýrði skiptingu vinnustunda sem og skipulag greiðslu úr launaflokkapotti skólastjórans.

d) Drög að kennsluáætlun fyrir skólaárið 2001-2002.

Sótt er um samtals 528 st. á viku (alm. kennsla 471 st., stuðn. og sérk. 57 st.) Auk þess er sótt um 5 st. á viku v. nýbúakennslu.

Fræðslunefnd samþykkir að mæla með beiðni skólastjóra um 528 st. á viku auk 5 tíma v. nýbúakennslu.

- e) Framhaldsdeild.
22 nemendur munu hefja nám í Framhaldsdeild.

2. Leikskólinn.

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri sagði 56 nemendur hefja nám nú eftir sumarfrí en von er á fleirum með haustinu. Fleiri nemendur nýta sér lengri skólavist sérhvern skóladag.

Skólastjóri skýrði mannabreytingar.

Tveir leikskólakennarar útskrifuðust í júní sl. Það voru þær Ásta Guðmundsdóttir og Elísabet Lára Björgvinsdóttir. Skólastjóri þakkar bæjarfélaginu fyrir þann stuðning sem bæjarfélagið veitti þessum kennurum. Árangur þeirra var mjög góður. Elísabet Lára hlaut styrk úr minningarsjóði Ásgeirs Björnssonar fyrir lokaritgerð sína, en þetta er í fyrsta skipti sem nemandi af Leikskólaskor hlýtur þenna styrk auk þess sem þetta er í fyrsta sinn sem fjarnámsnemandi hlýtur þessa viðurkenningu. Styrkurinn er ætlaður til að gefa ritgerðina út og þannig gefa fleirum tækifæri til að nýta sér efni hennar. Ásta og Elísabet Lára munu báðar starfa við skólann í vetur.

Námskeið um tónlistaruppeldi verður á laugardaginn kemur og munu margir kennarar frá GSS, LSS og TSS sækja námskeiðið.

Starfsdagur verður í LSS þann 28.09. n.k. . Þá er einnig starfsdagur í GSS.

Í aðlögun eru 5 nemendur á skrá.

Rætt var um starfsemi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

3. Önnur mál.

- 1) Næsti fundur.

Næsti fundur í Fræðslunefnd verður 03.10.01 kl. 17:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35.

Róbert Jørgensen (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
María Ólafsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.) og
Gunnar Svanlaugsson (sign).